

- Innflutningur frystivagns
- Tollflokkun

Úrskurður nr. 2/1997

Í máli þessu var deilt um tollflokkun á vöru sem samanstóð af festivagni, frystikassa og frystivél. Varan var samsett en flutt inn á tveimur sendingarnúmerum. Kærandi tollflokkaði festivagninn, kassann og kælivélina í mismunandi vöruliði. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra um að samtolla ætti sendingarnar í sama vörulið, þar sem umræddur kælikassi flokkaðist ekki sem gámur heldur væri til varanlegrar festingar, enda þótt hægt væri að losa kassann frá festivagninum.

Lög nr. 55/1987, 101. gr.

Með bréfi, dags. 10. janúar 1997, kærir A úrskurð tollstjórans í F frá 15. nóvember 1996. Ágreiningur er um tollflokkun á kælikassa og festivagni sem flutt voru inn á sendingarnúmerum E-VIK-01-10-6-DK-AAR-W207 og E-VIK-01-10-6-DK-AAR-W208. Kærandi tollflokkaði festivagninn í vörulið 8716.3900, en kassann í vörulið 8906.0000 og kælivélina í vörulið 8418.6109. Tollstjóri úrskurðaði að samtolla ætti sendingarnar í tnr. í vörulið 8716.3900.

Í kærinni kemur fram að varan sem um ræðir sé frystivagn sem samstandi af gámafestivagni og frystigámi. Gámafestivagninn er af gerðinni DAPA, en frystigámurinn er af gerðinni NORFRIG. THERMO KING frystivél er á gáminum. Kærandi telur það einkum tvö atriði sem valdi því að tollstjóraembættið ákveði samtollun gáms og gámafestivagns í tollflokk 8716.3900. Þau eru að gámafestivagninn er felldur inn í botn gámsins að framanverðu og einungis eru tveir gámalásar sem halda gáminum að aftan og að gámurinn er klemmdur niður á gámafestivagninn með 2 x 14 klemmum. Kærandi telur að með því að fella fremsta hluta gámafestivagnsins í botn gámsins sé hægt að lækka gólf gámsins og auka flutningarýmið. Einnig lækkar þyngdarpunkturinn. Kærandi telur að með réttum verkfærum taki aðeins um það bil 10 mínútur að losa klemmurnar þannig að gámurinn sé laus frá gámafestivagninum. Þá segir í kærinni að mjög miklir landflutningar eigi sér stað milli landa í Evrópu. Eru því tilkomnar skýrar reglur fyrir því hvað sé gámur og hvað ekki. Þessar reglur séu skýrgreindar í TIR samkomulaginu en Ísland virðist vera eina ríkið í Evrópu sem ekki sé meðlimur að TIR samkomulaginu. Kærandi hafði orðið sér úti um TIR handbók og segir að skilgreiningin á gámum í TIR samkomulaginu sé eins og í skýringarriti tollasamvinnuráðsins. Þá segir kærandi að í Esbjerg tollflokkist allir kassar frá Norfríg sem gámar.

Í hinum kærða úrskurði tollstjórans í F segir m.a. að farmflytjandi hafi skráð vöruna á tvö farmbréf. Festivagninn hafi verið skráður í sendingu nr. E-VIK-01-10-6-DK-AAR-W207 en kassinn í sendingu nr. E-VIK-01-10-6-DK-AAR-W208. Á aðflutnings-skýrslum hafi festivagninn verið flokkaður í vörulið 8716.3900, en kassinn í vörulið 8906.0000 og kælivélin í vörulið 8418.6109. Skoðun hafi leitt í ljós að varan sé samsett, kælikassinn er festur á grind festivagnsins með 14 áfellum á hvorri hlið og tveimur gámafestingum að aftan. Festivagninn og kassinn séu af sömu lengd. Þá sé fremsti hluti vagnsins felldur inn í kassann og kælivél er fest við kassann að framanverðu. Það verði ekki annað séð en hér sé um að ræða fullbúinn festivagn til flutnings á kældri og/eða frystri vöru.

Tollstjóri úrskurðar að framangreindur festivagn flokkist í vörulið 8716.3900.

Ríkistollanefnd sendi kæru kæranda til ríkistollstjóra með bréfi, dags. 14. janúar 1997. Í kröfugerð ríkistollstjóra sem barst nefndinni þann 27. janúar 1997, segir svo m.a.: „Það að festivagninn sé felldur inn í kælikassann bendir til þess að vagninn og kassinn séu sérhannaðir hvor fyrir annan. Það að kassinn er festur með 28 boltuðum klemmum auk tveggja „gámalása“ bendir til þess að ekki sé ætlast til þess að kassinn sé losaður mjög oft, enda mikið óhagræði að því að þurfa að skriða eða krjúpa undir vagninum með sérhannað loftverkfæri til að losa boltana jafnvel mörgum sinnum á dag eins og gæti átt við um gáma. Þá má einnig benda á að samkvæmt TIR samkomulaginu skal fara með allar losanlegar yfirbyggingar „dismountable bodies“ sem gáma (grein 1 (Vi) á bls. 29 í TIR handbókinni).

Við tollflokkun á vöru ber að fara eftir tollskrá og túlkunarreglum hennar. Hvernig vara flokkast samkvæmt öðrum alþjóðasamþykktum eða hvernig hún er skráð til aksturs í öðrum Evrópulöndum hefur ekki áhrif á flokkun hennar samkvæmt tollskrá.

Embættið er ósammála kæranda að viðkomandi kælikassi skuli flokkast sem gámur. Gámar eru skilgreindir á eftirfarandi hátt í skýringum við vörulið 8609 á bls. 1542 í skýringarriti Alþjóða tollastofnunarinnar (Explanatory Notes): „These containers (including lift vans) are packing receptacles specially designed and equipped for carriage by one or more modes of transport (e.g., road, rail, water or air). They are equipped with fittings (hooks, rings, castors, supports, etc.) to facilitate handling and securing on the transporting vehicle, aircraft or vessel. They are thus suitable for the „door-to-door“ transport of goods without intermediate repacking and, being of robust construction, are intended to be used repeatedly.“

Samkvæmt ofanskráðu er ljóst að gámar beir sem flokkast í vörulið 8609 eru flutningseiningar sem eru sérstaklega hannaðar og útbúnar til flutninga með einni eða fle^{1 2 4} ingaaðferðum. Þeir eru með útbúnað til þess að auðvelda meðhöndlun og til festingar á flutningatækið, t.d. festingum fyrir gámalýftara, krókum eða hringjum, styrkingu eða rennum fyrir gaffallyftara o.s.frv. Þeir henta því til svokallaðra „door to door“ flutninga án lestunar og losunar í millitíðinni; miðað er við að flutningatækið sæki

gáminn á lestunarstað og skili honum á losunarstað þar sem hann verður eftir. Þeir eru sterklega byggðir til endurtekinna nota. Gámar sem ekki eru hannaðir og útbúnir á þennan hátt flokkast ekki í vörulið 8609, t.d. gámar/kassar ætlaðir til varanlegrar festingar á ökutæki eða gámar/kassar til almennra nota, þ.e. ekki búnir festingum eða búnaði til að auðvelda meðhöndlun þeirra.

Vara sú sem hér um ræðir, kælikassi, kælivél og festivagn, komu til landsins sem ein heild. Kælivélin var fest við kælikassann þar sem hún átti að vera og kælikassinn var festur á festivagninn (með tveimur gámalásum að aftan og 2 x 14 klemmum, eins og segir í kærinni) og eru þeir greinilega gerðir hvor fyrir annan. Kassinn er ekki með sliskjum fyrir gaffallyftara, festingum, krókum, hringjum né neinu öðru sem auðveldað gæti losun hans af vagninum, né heldur er hann með fótum sem sveifla má niður eða öðrum búnaði til þess að gera það kleift að lækka vagninn undir honum og keyra hann undan. Ekki er heldur hægt að setja búkka undir kassann því vagninn mundi keyra þá niður þegar ætti að aka honum undan.

Bent er á að í bæklingi frá Norfrig, sem fylgdi kærinni, er ævinlega talað um „Kølekasser“ og einnig (í 5. tl. bæklingisins) að auðvelt sé að taka hann af vagninum þegar hann sé tómur.

Það er skoðun embættisins að umræddur kassi sé yfirbygging fyrir festivagn, útbúinn á þann hátt að hægt sé að taka hann af undirvagninum og setja aðra í staðinn án mikilla vandræða. Einkanlega gert til hagræðingar fyrir flutningsaðilann til að nýta sama undirvagninn til mismunandi flutninga. Það er einnig skoðun embættisins að festivagninn og kassinn séu sérhannaðir hvor fyrir annan og myndi þannig eina heild sem beri að flokka sem slíka í tnr. 8716.3900 samkvæmt almennri túlkunarreglu 3 b við tollskrá.

Með vísan í framantalið og að öðru leyti með vísan í forsendur hins kærða úrskurðar, er þess krafist að hann verði staðfestur. Ríkistollanefnd sendi kröfugerð ríkistollstjóra til umsagnar kæranda með bréfi þann 28. janúar 1997. Í svari sem barst nefndinni þann 10. febrúar s.l. svarar kærandi kröfugerð ríkistollstjóra lið fyrir lið. Í lokaorðum svarsins segir: „Eini munurinn á þessari kæru og þeirri síðustu er, að nú er gámurinn af gerðinni „high cube“ með klemmum í stað tveggja gámalása að framan. Við höfum útskýrt að aukið rúmmál fæst með „high cube“ útfærslunni og gámalásur verður ekki komið við að framan, en klemmur tryggja góða festingu, og að plastgámurinn nuddist ekki við gámagrindina. Einnig höfum við sýnt sambærilega gáma í eigu S. Við höfum sýnt fram á, að í öllum okkar nágrannalöndum og í allri Evrópu, eru gámar eins og hér um ræðir tollflokkaðir sem slíkir. Sú tollflokking byggir á fastmótuðum reglum um skilgreiningu farartækja í milliríkjaflutningum, þ.e. TIR samkomulagið. Sýnt hefur verið fram á að TIR samkomulagið byggir einnig á „explanatory notes“, sem ríkistollstjóri vinnur eftir. Við teljum að um sé að ræða annars vegar gámagrind/festivagn fyrir „high cube“ gáma, og hins vegar plast frystigám af gerðinni „high cube“. Það er því krafa okkar, að gámafestivagninn tollflokkest undir 8716.3900 og plast frystigámurinn undir 8609.0000.“

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um mál þetta og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Deilt er um tollflokkingu á sendingu sem saman stendur af festivagni af gerðinni DAPA, frystikassa af gerðinni NORFRIG og THERMO KING frystivél. Varan er samsett en flutt inn á tveimur sendingarnúmerum. Fremsti hluti festivagnsins er felldur inn í botn kælikassans. Kælikassinn er festur að aftan með tveimur gámalásur en að framan með 2 x 14 þar til gerðum klemmum.

Í úrskurði nefndarinnar nr. 3/1995 er farið yfir það hvað gámar þurfa að hafa til að bera, til að vera flokkaðir sem slíkir, þar segir m.a.: Vörukassar þeir sem hér er deilt um tollflokkingu á eru á flestan hátt svipaðir í útliti og hefðbundnir frystigámar sem mikið eru notaðir við flutning á fiski og öðrum matvælum. Kassarnir eru festir við flutningstækið með stöðluðum gámafestingum sömu gerðar og notaðar eru á sjógámum. Þeir eru ekki hannaðir til varanlegrar festingar á flutningstækið á sambærilegan hátt og um væri að ræða yfirbyggingar. Eins og fram kemur hér að ofan er vörukassinn festur með 28 þar til gerðum festingum við festivagninn ásamt tveimur gámalásur. Um er að ræða boltaða fleyga sem ganga inn á festivagninn og skrúfaðir eru upp í vörukassann. Þetta er að mati nefndarmanna varanleg festing. Gildir einu þótt menn geti með öflugum verkfærum losað þessar festingar og þá kassann frá festivagninum á skömmum tíma. Nefndarmenn eru sammála um að við tollflokkingu á nefndum vörum beri að fara eftir almennri túlkunarreglu 3 b við tollskrá, þ.e. flokka eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir vörurnar, enda verði slíku mati komið við.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og almennra reglna um túlkun tollskrárinnar 3 b úrskurðar ríkistollanefnd að festivagn sem fluttur var inn á sendingarnúmeri E-VIK-01-10-6-DK-AAR-W207 og vörukassi og kælivél á sendingarnúmeri E-VIK-01-10-6-DK-AAR-W208 flokkist í vörulið 8716.3900.